

Áhrif brúa- og ræsagerðar á búsvæði ferskvatnslífvera og ferðir ferskvatnsfiska „Best Practice“ og leiðbeiningar.

Bjarni Jónsson, Lifandi náttúra

Ágrip

Grundvallar markmið og tilgangur verkefnisins er að afla frekari þekkingar og nýta þá sem fyrir liggur, á áhrifum brúa- og ræsagerðar á lífríki í íslenskum straumvötnum og miðla henni til þeirra sem koma að veggönnun og vali á gerð þveranna, líffræðinga og fiskifræðinga sem koma að ráðgjöf vegna vegaframkvæmda, en ekki síður þeirra sem sjá um viðhald vega og niðurstetningu og frágang vegaþveranna. Til verði vegvísir um hvernig best sé að standa að gerð þveranna á vatnsföllum við íslenskar aðstæður þannig að þær hafi sem minnst áhrif á fiska og annað vatnalíf. Þá verði til staðar leiðbeiningar um hvernig sé hægt að lagfæra ræsi og þveranir sem til staðar eru og endurheimta töpuð búsvæði fiska og annarra vatnadýra. Ekkert slíkt efni er nú fyrir hendi. Sérstaklega þarf að horfa til og meta verður horft til hvernig þveranir standast uppfærðar kröfur og reglur með tilliti til Vatnatilskipunar um verndun ferskvatnsvistkerfa, ferðir göngufiska, breytingar á straumlagi, gönguhindranir og uppskiptingu búsvæða vatnalífvera.